

Sp.

341. Tillaga til þingsályktunar

[177. mál]

um rannsókn á virkjunaraðstæðum við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi.

Flm.: Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið fyrsta rannsaka til hlítar aðstæður til virkjunar við Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, sjá Rafmagnsveitur ríkisins Snæfellsnesi fyrir raforku. Dreifikerfið nær úr Kolbeinsstaðahreppi um sunnanvert nesið og norðanfjalls að Álftafirði. Skógarströnd biður eftir rafmagni. Á þessu svæði er ein vatnsaflsstöð, Rjúkandavirkjun við Ólafsvík, en dísilstöðvar í Ólafsvík og Stykkishólmi.

Orkunotkun hefur vaxið mjög ört undanfarin ár á Snæfellsnesi. Verður því að taka til gaumgæfilegrar athugunar, hvernig þeirri þörf verður fullnægt á hagkvæman hátt á komandi árum. Sýslunefnd Snæfellinga hefur oft fjallað um þessi mál á liðnum árum, m. a. var gerð svofelld ályktun á aðalfundi s. l. vor:

„Sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, haldinn í Stykkishólmi 6.—8. maí 1971, leggur áherzlu á, að lokið verði við dreifingu rafmagns á alla bæi í héraðinu ekki síðar en á árinu 1972.

Þá ítrekar fundurinn ósk sína frá síðasta aðalfundi um, að hraðað verði fullnaðarrannsókn á virkjunarskilyrðum við Hraunsfjarðarvatn og að virkjun verði framkvæmd þar, ef hagkvæmt telst samkvæmt niðurstöðum virkjunarrannsókna. Þyki ekki fært að virkja við Hraunsfjarðarvatn, þá verði lögð lína frá Landsvirkjun til að tryggja héraðinu næga orku og til að auka öryggi í orkudreifingu í héraðinu og til meiri orkunýtingar, m. a. til upphitunar húsa.

Einnig leggur fundurinn ríka áherzlu á, að unnið verði að því, að söluverð rafmagns verði það sama um land allt, og skorar á orkumálaráðherra að taka það mál til úrlausnar.“

Rafmagnsveitur ríkisins hafa látið fara fram frumathugun á virkjunaraðstæðum við Hraunsfjarðarvatn. Hygg ég, að skilyrði séu talin þar mjög álitleg. Væri sennilega unnt að virkja á þessum stað með hóflegum tilkostnaði miðað við smávirðjun. Slík rafveita gæti mætt orkuþörf næstu ára á þessum slóðum og orðið til trausts og halds í framtíðinni, þegar samtenging á sér stað við orkuveitur nágrannahéraða eða alls landsins. Ýmis atriði mun þó þurfa að athuga miklu nánar en gert hefur verið, m. a. áhrif á laxveiði í Straumfjarðará, sem fellur úr Baulárvallavatni (og Hraunsfjarðarvatni) til suðurs og er góð laxveiðiá. Verður að sjálfsögðu kostað kapps um að hafa góða samvinnu og samráð við eigendur veiðiréttar á þessu vatnsvæði, ef af virkjun verður. Vafalaust þarf einnig að gera ýmsar frekari rannsóknir og áætlanir, áður en lokaákvörðun verður tekin í þessu máli.